



Áfangalýsing ML

Titill:	Nútímabókmenntir
Námsgrein:	Íslenska
Viðfangsefni:	Bókmenntasaga seinni hluta 20. aldar til dagsins í dag
Skammstöfun:	ÍSLE3RD05
Þrep:	3
Einingafjöldi:	5
Lýsing:	Í áfanganum er viðfangsefnið íslensk bókmenntasaga frá miðbiki 20. aldar til dagsins í dag. Nemendur kynnst helstu straumum og stefnum tímabilsins og lesa eina veglega nútímaskáldsögu auk annarra valinna verka frá tímabilinu og/eða brota úr verkum. Þá fá nemendur þjálfun í að setja fram rökstuddar skoðanir sínar á bókmenntum og fjalla gagnrýnið um inntak þeirra á fjölbreyttan hátt. Nemendur lesa fræðigreinar sem tengjast efninu og skrifa heimildaritgerð.
Forkröfur:	ÍSLE3ÍR05
Þekkingarviðmið:	Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á: <ul style="list-style-type: none">• helstu bókmenntastefnum og -hugtökum sem tengjast tímabilinu• inntaki og einkennum þeirra verka sem lesin eru• orðaforða sem nægir til að lesa helstu verk íslenskrar nútímabókmenntasögu• helstu einkennum íslensks máls sem nýtast honum í ræðu og riti• ritgerðarsmið og heimildavinnu
Leikniviðmið:	Nemandi skal hafa öðlast leikni í að: <ul style="list-style-type: none">• skilja og nota viðeigandi stílbrögð og menningarlegar vísanir í tal- og ritmáli• fjalla um bókmenntir tímabilsins á gagnrýninn og fræðilegan hátt• nýta sér uppbyggilega gagnrýni annarra• skrifa heimildaritgerð þar sem beitt er gagnrýninni hugsun við úrvinnslu og efninu komið á framfæri á skýran og vandaðan hátt á blæbrigðaríku máli• ganga frá texta til birtingar• nýta sköpunargáfu við vinnslu verkefna• skrifa skýran, vel uppbyggðan texta á vönduðu máli með fjölbreyttum orðaforða



Hæfniviðmið:	<p>Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:</p> <ul style="list-style-type: none">• túlka og bera saman bókmenntaverk og setja þau í sögulegt samhengi• átta sig á samfélagslegri skírskotun og ná duldum boðskap og hugmyndum• skrifa skýran og vel uppbyggðan texta• velja ritstíl sem hæfir aðstæðum• tjá rökstudda afstöðu um bókmenntaverk, t.d. siðferðileg álitamál• vera gagnrýninn í hugsun og hafa lýðræði, mannréttindi og jafnrétti að leiðarljósi• átta sig á tilgangi og afstöðu textahöfundar og túlka dýpri merkingu texta• þroska bókmenntasmekk sinn og lesa sér til ánægju
Námsmat	Námsmat er útfært í kennsluáætlun.